

Mál nr. 14/2005

M
og
Vátryggingafélagið X v/B
og
Vátryggingafélagið Y v/A

Árekstur á einbreiðri brú í Önundarfirði þann 03.12. 2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17.01. 2005, ásamt fylgiskjölum þ.e. skýrslu lögreglu, afstöðu-teikningu og ljósmyndum auk vitnisburðar sjónarvotts og frásagnar ökumanns B.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 05.02. 2005.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1006/2004.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt. Bifreiðunum var ekið á móti hvor annarri. Áreksturinn varð inni á umræddri brú. Fram kemur í skýrslu lögreglu að B hafi verið staðsett fyrir miðri brúnni, óökuhæf eftir óhappið, bifreiðin A var staðsett við nyðri enda brúarinnar. Á vettvangi var mikil hálka.

Vátryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga vegna máls þessa þar sem ökumenn bifreiðanna mætast á einbreiðri brú.

Vátryggingafélag A hefur ekki upplýst nefndina um afstöðu sína.

Álit.

Mikilvægt er að ökumenn sem stefna að einbreiðri brú gæti aukinnar aðgæslu og dragi úr ökuhraða og ef unnt er hafi hugfast hvað sá aðili sem á móti kemur hyggst gera áður en ekið er út á viðkomandi brú. Oft má rekja árekstur á einbreiðri brú til aðgæsluleysis beggja ökumanna en atvik máls verður að skoða hverju sinni með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum.

Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna þ. á m. ljósmynda, afstöðuteikningar og framburði sjónarvotts sem ók bifreið sinni á eftir A og ekki hefur verið hrundið, telur nefndin að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum. Telja verður að ökumaður B hafi komið fyrir að brúnni og verið að aka yfir hana þegar A var ekið í veg fyrir hann. Þrátt fyrir að báðir ökumenn hefðu mátt gæta meiri aðgæslu verður að telja að árekstur þennan megi fyrst og fremst rekja til aðgæsluleysis ökumanns A er hann ók út á brúnnar þrátt fyrir að bifreið væri að koma á móti. Hann ber því ábyrgð á árekstrinum. Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við gögn máls þessa.

Niðurstaða.

Ökumaður A, UK-966, ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 22. febrúar 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.